

Nd.

347. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ráðstafanir til þess að greiða fyrir viðskiptum með sláturfjárafurðir og ákveða verðlag á þeim.

Frá Sigurði Einarssyni.

1. Við 3. gr. Á eftir orðunum „gerist meðlimur annara félaga“ komi: Heimilt er að veita slátrunarleyfi félögum neytenda á þeim stöðum, þar sem ekki eru sláturhús, en aðeins fyrir það fé, sem þau kynnu að kaupa til neyzlu meðal meðlima sinna.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „verðjöfnunartillaginu til nefndarinnar“ komi: Stjórn neytendafélags, sem fengið hefir slátrunarleyfi, skal og senda slíka skýrslu og standa skil á verðjöfnunartillaginu.